

Lög Fágunar

1 Grein

Félagið heitir Fágun – Félag áhugamanna um gerjun. Félagið er áhugamannafélag. Heimili þess er í Reykjavík.

2 Grein

Tilgangur félagsins er að:

- Sameina áhugamenn um gerjun
- Miðla þekkingu á gerð gerjaðrar matvöru og menningu henni tengdri
- Stuðla að bættri ímynd heimagerjaðra matvæla
- Berjast fyrir rýmri og skýrari lögum um heimagerða gerjaða drykki, óbrennda.

Í starfssemi og reglugerðum félagsins vísar hugtakið gerjun til beitingar örvera í gerð matvæla og drykkja.

3 Grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að starfrækja heimassíðuna <http://www.fagun.is/> þar sem spjallhópar verða aðgengilegir öllum félagsmönnum. Einnig mun félagið standa fyrir námskeiðum og keppnum til að vekja áhuga almennings og félagsmanna á efninu.

4 Grein

Félagar eru hverjir þeir sem hafa náð fullum 20 ára aldri, hafa borgað félagsgjöld og undirgengist þessar samþykktir.

Félagið tekur skýra afstöðu gegn eimingu í heimahúsum.

Viðburðir á vegum félagsins eru aðeins fyrir félaga nema stjórn félagsins ákveði annað.

5 Grein

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum þ.e. formanni, gjaldkera og ritara. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn á hverjum aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi ár hvert.

Hver félagsmaður má aðeins gegna sama embætti í 4 ár samfleytt.

Daglega umsjón félagsins annast formaður félagssins.

Firmaritun félagsins er í höndum formanns félagsins.

Utan stjórnar eru tvö embætti innan Fágunar, annarsvegar embætti umsjónarmanns vefsíðu og hinsvegar embætti skoðunarmanns reikning. Kosið skal í öll embætti til eins árs í senn á hverjum aðalfundi.

Stjórn og aðalfundi er heimilt að skipa í nefndir og embætti á vegum félagsins og setja þeim starfsreglur.

6 Grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Mánaðarlegir félagsfundir skulu boðaðir af stjórn félagsins, fyrsta mánudag hvers mánaðar. Stjórn hefur leifi til að færa fundi til annars mánudags mánaðar þegar þurfa þykir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Hann er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Félagsfundir eru opnir öllum nema stjórn félagsins ákvarði annað.

Í gerðabók félagsins skal skrifa stutta skýrslu um það sem gerist á félagsfundum og stjórnarfundum, einkum allar fundrasamþykktir.

Þar sem ekki er kveðið á um annað gilda lög um félög og samtök sem ekki eru í atvinnurekstri.

7 Grein

Aðalfund skal boða með auglýsingu á www.fagun.is ásamt tölvupósti með minnst tveggja vikna fyrirvara, talið frá og með útsendingardegi fundarboðs.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi félagsins skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1 Ársskýrsla stjórnar.
- 2 Endurskoðaðir reikningar fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðenda, eru lagðir fram til úrskurðar.
- 3 Lagabreytingar
- 4 Stjórnarkosning
- 5 Kjör skoðunarmanns reikninga
- 6 Önnur mál

Hverjum aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann rannsakar í fundarbyrjun hvort löglega hafi verið til fundarins boða og lýsir því síðan, hvort svo sé.

8 Grein

Tillögur um lagabreytingar skulu birtar á vef félagsins, í sama þræði og fundarboð á aðalfund, minnst viku fyrir aðalfund.

Til breytinga á lögum þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins samkvæmt 2. grein

9 Grein

Á aðalfundi má gjaldkeri leggja fram tillögu þess efnis að tilgreindum hluta rekstarafgangs verði úthlutað til rekstur félagsins á næsta ári, sé tillagan samþykkt telst sú upphæð ekki lengur til rekstrarafgangs.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til veitingakaupa á aðalfundi félagsins.

10 Grein

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með auknum meirihluta, 75% atkvæða. Eignir félagsins renna til Umhyggju, félags langveikra barna.

Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi félagsins 2014.